

Fundargerð – Stjórn Eyglóar ehf.

Miðvikudaginn 20. maí 2026 kl. 13:30

Fundinn sátu: Hildur Sólveig Sigurðardóttir varaformaður, Páll Magnússon og Njáll Ragnarsson stjórnarformaður sem jafnframt ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. Ársreikningur Eyglóar fyrir árið 2025

Formaður stjórnar kynnti ársreikning félagsins fyrir árið 2025 sem sendur var á stjórn þann 30. apríl sl. KPMG vann reikninginn sem var hluti af samstæðureikningi Vestmannaeyjabæjar.

Niðurstaða:

Stjórn samþykkir samhljóða ársreikninginn.

2. Staða málaferla Línuborunar gegn félaginu

Stjórn ræddi stöðu málaferla Línuborunar gegn Eygló en lögmaður félagsins, Heiðar Ásberg Atlason, hefur rekið málið f.h. Eyglóar og reglulega upplýst stjórn í tölvupóstum um stöðu mála.

Niðurstaða:

Stjórn þakkar upplýsingarnar.

Fleira var ekki rætt og fundi var slitið kl. 14:00.